

GANGNASEÐILL ÁRIÐ 2012

Göngur hefjast á Víðidalstunguheiði **þriðjudaginn 4.sept. 2012**. Þann dag fari þeir sem tilgreindir eru á hjólum í gangnaseðli af stað frá Hrappstöðum kl. 07:00 og smali fremsta hluta heiðarinnar til austurs og afhendi Vatnsdælingum fé sem þar finnst. Að því loknu komi þeir fé af stað norður heiði. Rekstrarmenn gangnahrossa leggja af stað þann sama dag frá Hrappsstöðum kl: 11. Þeir sem verða keyrðir mæti að Hrappsstöðum kl. 17 með reiðtygi sínu.

Farangur og öll gangnahross verða að vera komin kl. 10 þriðjudaginn 4. sept í Hrappsstaði. Í fyrri göngum skal smalað bæði sauðfé og hrossum. Sauðfé verður réttað í Valdarásrétt föstudaginn 7. Sept kl.09:00 og í Víðidalstungurétt laugardaginn 8. sept og hefjast réttarstörf þar kl. 10:00.

Seinni göngur hefjast laugardaginn 15. sept og verður heiðin leituð á tveimur dögum. Fæðisala í göngum verður á öllum náttstöðum á heiðinni.

Föstudaginn 5. okt skulu þeir sem tilgreindir eru á gangnaseðli sækja stóð í löndin norðan heiðargirðingar. Þeir smali einnig sauðfé. Þeir sem eru tilgreindir til að smala Stóru – Hlíð og Krók smali öllu vestur í Krók. Stóðið verður réttað í Víðidalstungurétt laugardaginn 6. okt og verður stóðið rekið til réttar kl 10:00 þann dag. Talning hrossa verður framkvæmd með sama hætti og undanfarin haust og verður gefinn 30% afsláttur af framtöldum hrossum sem ekki hafa gengið á heiði.

Óheimilt er að taka hross úr réttinni fyrir talningu þeirra.

Fyrri heimalanda smölun fari fram laugardaginn 22. sept og réttað verði í Víðidalstungurétt sunnudaginn 23. sept kl: 10:00.

Seinni heimalanda smölun verður laugardaginn 13. okt og réttað í Víðidalstungurétt sunnudaginn 14.okt kl:10:00.

Ítrekum skyldur landeigenda til að gera skil á sínum löndum.

Þeir sem ekki eru tilgreindir sem rekstrarmenn gangnahrossa en ætla sér að fara ríðandi fram láti vita til formanns fjallskilaneftdar fyrir kl 20 sunnudagskvöldið 2 sept.

Ætli menn að ríða með rekstramönnum þurfa þeir að ræða það við umsjónarmann.

Fólk sem hyggst fara með gangnamönnum skal afla sér leyfis gangnastjóra. Einnig er þeim sem hlut eiga að máli bent á að panta fæði hjá ráðskonu með góðum fyrirvara. Allar nánari upplýsingar veitir formaður fjallskilaneftdar, Sigtryggur í síma: 848 0007.

Heygjald fyrir aukafólk sem fer með gangnamönnum kr. 2000.

Athygli skal vakin á því að engan má senda í göngur yngri en 15. ára nema með leyfi gangnastjóra, samkvæmt 18.gr Fjallskilareglugerðar Húnaþing vestra.

Gangnastjórar og aðrir sem tilgreindir eru í gangnaseðli til að hafa umsjón með fjallskilum, skipa nánar fyrir um framkvæmd þeirra.

Tímakaup vegna aukaverka: verður 1.850 kr. fyrir mann og fyrir hjól 2.000 kr. samkvæmt reikning.